

2. fundur sveitarstjórnar 2018-2022, 4. júlí 2018

Tillaga frá minnihluta:

Í ljósi þess hvernig atkvæði féllu í sveitarstjórnarkosningum 26. maí síðastliðinn og listum fjölgar í sveitarstjórn á ný, leggur minnihluti sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps, til að fjölgað verði úr þremur fulltrúum í fimm í eftirtöldum nefndum sveitarfélagsins; atvinnu- og samgöngunefnd, umhverfisnefnd og menningar- og æskulýðsnefnd.

Greinargerð:

Fjöldi nefndarmanna var breytt í byrjun síðasta kjörtímabils úr fimm í þrjá, þegar listarnir í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps urðu tveir eftir að hafa verið þrír frá 2006. Nú eru listarnir orðnir þrír á ný og er minnihluti sveitarstjórnar með 54% atkvæða samanlagt miðað við 46% meirihlutans. Listarnir eru með ólíkar áherslur um mörg mál og væri kjósendum þeirra sýnd réttmæt virðing fái listarnir fulltrúa í hverri nefnd en þurfi ekki að skipta nefndum á milli sín. Með því að fjölga í nefndum er þannig stuðlað að því að engin sjónarmið séu útilokuð frá umræðunni. Jafnframt megi auka líkur á faglegri vinnu og auknum afköstum sé fleiru nefndarfólki til að skipta og fjölbreyttari raddir við borðið.

Að framangreindu telur minnihlutinn eðlilegt að hverfa aftur til sama fjölda nefndarmanna og var fyrir síðasta kjörtímabil, 2014-2018.

Anna Sigríður Valdimarsdóttir, G-listi, Grósku,
Ingvar Hjálmarsson, A-listi, Afls til uppbyggingar.